



Sveitarfélagið Hornafjörður

Endurskoðunarskýrsla 2017

Ársreikningur 2017

Apríl 2018

Inngangur

Höfn, 11. apríl 2018

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar

Ársreikningur Sveitarfélagsins Hornafjarðar fyrir árið 2017 er lagður fyrir bæjarstjórn til fyrri umræðu 11. apríl 2018. Við munum árita hann samhliða afgreiðslu og áritun sveitarstjórnar við síðari umræðu með fyrirvaralausri áritun, komi ekki fram mikilvægar viðbótarupplýsingar sem geta haft áhrif á álit okkar.

Við höfum endurskoðað ársreikning sveitarfélagsins en hann hefur að geyma ársreikning fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og ársreikning fyrir alla starfsemi þess, þ.e. A og B hluta, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Endurskoðunin var framkvæmd í samræmi við alþjóðlega staðla um endurskoðun eins og lýst var í bréfi okkar um endurskoðun dagsettu 18. desember 2017.

Afrit:

Björn Ingi Jónsson, bæjarstjóri

Þessi skýrsla inniheldur niðurstöður endurskoðunar okkar og er ætlað að upplýsa um atriði sem komu í ljós við endurskoðunina og við teljum að eigi erindi við ykkur.

Hér á eftir fara ýmsar upplýsingar um ársreikninginn og endurskoðunina ásamt ábendingum og athugasemdum eftir því sem við á.

Við höfum jafnframt ábendingum til stjórnenda á framfæri með sérstökum skýrslum til bæjarstjóra þar sem settar eru fram ítarlegri ábendingar varðandi innra eftirlit, fjárhagskerfi og stjórnsýslu.

Við munum veita allar frekari upplýsingar um endurskoðunina og efni skýrslunnar ef óskað verður eftir því.

Frekari upplýsingar í tengslum við skýrsluna veitir:

Magnús Jónsson
Hluthafi og löggiltur endurskoðandi
magnusjonsson@kpmg.is

Efnisyfirlit

Endurskoðun KPMG	4
Niðurstaða endurskoðunar	5
Fyrirhuguð áritun óðháðs endurskoðanda	6
Áherslur í endurskoðun	9
Niðurstaða í samanburði við fjárhagsáætlun	20
Rekstrarreikningur	24
Efnahagsreikningur	25
Sjóðstreymisyfirlit	27
Rekstur A hluta á árinu 2017	28
Rekstur B hluta á árinu 2017	29
Lykiltölur og fjárhagsáætlanir 2018-2021	30
Upplýsingar sem skylt er að veita sveitarstjórn	38
Óhæði	39
Persónuverndarlöggjöf	40
Fyrirvarar	42

Endurskoðun KPMG



Niðurstaða endurskoðunar

Mikilvægi



Mikilvægismörk í endurskoðuninni voru ákvörðuð 145 millj. kr. sem eru um 3,0% af heildar eignum. Fyrir liði sem hafa áhrif á framlegð eru mikilvægismörk ákvörðuð 52 millj. kr. sem eru 3% af tekjum.

Greint frá skekkjum yfir



7 m.kr.

Skekkjur hærri en 7,3 millj. kr. fara á lista yfir óleiðréttá mismuni. Skekkjur í liðum sem hafa áhrif á framlegð yfir 3,5 millj. fara á lista yfir óleiðréttá mismuni.

Veikleikar í innra eftirliti

Við skoðun okkar á innra eftirliti komu ekki fram verulegir veikleikar.

Við höfum hins vegar komið á framfæri ábendingum um veikleika í innra eftirliti sem ekki teljast verulegir en tækifæri eru til úrbóta á því.

Óleiðréttir endurskoðunarmismunir

Ekki var um endurskoðunarmismuni að ræða hjá sveitarfélaginu, hvorki leiðréttá né óleiðréttá.

Óafgreidd mál

- Áritun endurskoðanda
- Staðfestingarbréf stjórnenda
- Afgreiðsla og áritun bæjarstjórnar

Áherslur í endurskoðun

- 1) Innra eftirlit og fjárhagskerfi
- 2) Stjórnsýsluskoðun
- 3) Samkomulag við Brú lífeyrissjóð
- 4) Önnur áhersluatriði

Fyrirhuguð áritun óháðs endurskoðanda

Til bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Hornafjarðar.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Sveitarfélagsins Hornafjarðar fyrir árið 2017 sem hefur að geyma ársreikning fyrir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og ársreikning fyrir A og B hluta. Hann greinist í rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningskilnaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu sveitarfélagsins 31. desember 2017 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2017, í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð sveitarfélaginu í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð bæjarstjórnar og bæjarstjóra á ársreikningnum

Bæjarstjórn og bæjarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber bæjarstjórn og bæjarstjóra að leggja mat á rekstrarhæfi sveitarfélagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi nema það sé ekki lengur til staðar.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skökkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skökkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skökkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins.
- Metum við hvort reikningskilnaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun bæjarstjórnar og bæjarstjóra á forsendu reikningskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um áframhaldandi rekstrarhæfi sveitarfélagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausrí áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni haft neikvæð áhrif á rekstrarhæfi sveitarfélagsins.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.
- Öflum við nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna um fjárhagsleg málefni rekstrarreininga sem falla undir A og B hluta starfsemi sveitarfélagsins til að geta gefið álit á ársreikningnum. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, eftirliti og framkvæmd endurskoðunar sveitarfélagsins og berum óskipta ábyrgð á áritun okkar.

Við upplýsum bæjarstjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Við lýsum því einnig yfir við bæjarstjórn að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óháði og upplýsum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega talist hafa áhrif á óháði okkar og þegar við á, til hvaða varnaraðgerða við höfum gripið.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu bæjarstjóra og bæjarstjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Höfn í Hornafirði, . maí 2018

KPMG ehf.

1 Innra eftirlit og fjárhagskerfi

Innra eftirlit

Áhættan

Innra eftirlit og virkni þess er veigamikill þáttur í að tryggja áreiðanleika fjárhagsupplýsinga, örugga meðferð og vörslu fjármuna og að ekki hljóttist tjón af villum, mistökum eða misnotkun.

Okkar viðbrögð

Við endurskoðun okkar á ársreikningi 2017 höfum við tekið mið af innra eftirliti með fjárhagslegum sveitarfélagsins. Með innra eftirliti er m.a. átt við verklagsreglur þar sem kveðið er á um meðferð skjala og ábyrgðar- og verkaskiptingu og hafa að markmiði að tryggja áreiðanlegt bókhald, örugga meðferð og vörslu fjármuna og að ekki hljóttist tjón af villum, mistökum eða misnotkun.

Endurskoðun okkar byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins.

Niðurstaða

- Ekki komu fram verulegir veikleikar á innra eftirliti en við bendum á að aðgreining starfa er ekki fullnægjandi.
- Samhliða vinnu okkar við endurskoðunina höfum við komið ábendingum okkar á framfæri við stjórnendur og starfsmenn sveitarfélagsins eftir því sem við hefur átt hverju sinni. Auk þess komum við ábendingum til bæjarstjóra í sérstakri skýrslu þar sem settar eru fram ábendingar varðandi innra eftirlit og önnur atriði sem tengjast vinnu okkar.
- Munum við fylgja ábendingum okkar eftir við endurskoðunarvinnu vegna ársins 2018.
- Við viljum taka fram að stjórnendur hafa almennt brugðist með viðeigandi hætti við ábendingum okkar frá fyrra ári og komið af stað vinnu við úrbætur.

1 Innra eftirlit og fjárhagskerfi (2)

Mögulega sniðganga stjórnenda á eftirliti

Áhættan

Stjórnendur eru almennt í þeirri aðstöðu að geta átt við fjárhagsfærslur og sett fram röng reikningsskil með því að sniðgagna eftirlitsaðgerðir sem annars virðast vera skilvirkar og þannig viðhaft sviksemi.

Endurskoðendum er skylt að framkvæma aðgerðir sem miða sérstaklega að því að komast að raun um ef stjórnendur hafa sniðgengið eftirlit.

Okkar viðbrögð

Við prófuðum virkni eftirlits með færslum og lokafærslum.

Við mátum hvort breytingar milli ára á aðferðum og forsendum við reikningshaldslegt mat væru viðeigandi.

Við skoðum hvort verulegar færslur, sem eru ekki hluti af hefðbundinni starfsemi sveitarfélagsins eða eru á annan hátt óvanalegar, væru til staðar og ef svo er hvort bókhaldsleg meðferð væri viðeigandi.

Við leituðum að sviksemisfærslum með sjálfvirkum aðgerðum og gagnagreiningum.

Niðurstaða

Engar vísbendingar komu fram um sniðgöngu stjórnenda á innra eftirliti.



2 Stjórnsýsluskoðun

Áhættan

Lagareglur gilda um form ákvarðana um álagningu skatta og þjónustugjalda og ákvarðana um hvers kyns útgjöld sveitarfélaga.

Séu ákvarðanir ekki teknar í samræmi við lög kann að leika vafi á heimildum til álagningar skatta og gjalda og ráðstöfunar fjármuna.

Okkar viðbrögð

Samkvæmt 3. mgr. 72. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 skulu endurskoðendur sveitarfélaga meðal annars „kanna hvort fullnægjandi heimildir hafi verið fyrir útgjöldum og hvort almenn stjórnsýsla sveitarfélags og einstakar ákvarðanir af hálfu þess eru í samræmi við reglur um fjármál sveitarfélags, ábyrga fjármálastjórn og upplýsingaskyldu sveitarfélaga.“

Var í því sambandi kannað hvort sveitarstjórn hafi fylgt ákvæðum laga, reglna og samþykpta er lúta að stjórnsýslu, svo sem sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga.

Niðurstaða

Gerð er athugasemd við gjaldskrá fyrir móttöku- og flokkunarstöð en gjaldskráin hefur ekki verið birt í B-deild Stjórnartíðinda, sbr. kröfur laga þar um. Hafin er vinna af hálfu sveitarfélagsins vegna málsins og brugðist verður við ábendingunni eins fljótt og kostur er.

Við viljum taka fram að samhliða stjórnsýsluskoðun okkar höfum við komið ábendingum okkar á framfæri við stjórnendur sveitarfélagsins eftir því sem við hefur átt hverju sinni.

Auk þess komum við ábendingum til bæjarstjóra í sérstakri skýrslu þar sem settar eru fram ábendingar varðandi stjórnsýslu og önnur atriði sem tengjast vinnu okkar.

Munum við fylgja ábendingum okkar eftir við endurskoðunarvinnu vegna ársins 2018.

3 Samkomulag við Brú lífeyrissjóð

- Þann 19. september 2016 var samkomulag gert milli Bandalags háskólamanna, BSRB og Kennarasambands Íslands, annars vegar og fjármála- og efnahagsráðherra og Sambandi íslenskra sveitarfélaga hins vegar, um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna. Breytingarnar voru samþykktar á Alþingi með lögum nr. 127/2016 en þær fela meðal annars í sér breytingu á réttindaávinnslu lífeyrisréttinda í A-deild LSR og Brúar (Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga) úr jafnri réttindaávinnslu í aldurstengda auk þess sem lífeyristökualdur er hækkaður úr 65 árum í 67 ár. Við breytingar eru réttindi virkra sjóðsfélaga tryggð með sérstökum framlögum til sjóðanna af hálfu laungreiðenda.
- Samhliða því gerðu fjármála- og efnahagsráðherra og Samband íslenskra sveitarfélaga með sér samning um fjármögnun lífeyrisskuldbindinga A-deilda LSR og Brúar með fjáframlögum til sjóðanna, dags. 19. september 2016. Samkvæmt 8. gr. samningsins var hann gerður meðal annars með þeim fyrirvara að hann skyldi öðlast gildi gagnvart einstökum sveitarfélögum og aðilum þeim tengdum við samþykkt stjórna viðkomandi aðila á uppgjöri þeirra á skuldbindingum sem myndast í A-deild Brúar.
- Á árinu 2017 voru samþykkt bráðabirgðaákvæði við reglugerð nr. 1212/2015 þar sem mælt er fyrir um reikningshaldslega meðferð ofangreinds uppgjors.
- Framangreint samkomulag hefur áhrif á aðalsjóð í A hluta.
- Í febrúar 2018 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar samkomulag um uppgjör við Brú á grundvelli ofangreinds og var samkomulagið undirritað í kjölfarið.
- Uppgjörið miðaði við tryggingafræðilega stöðu sjóðsins þann 31. maí 2017.



3 Samkomulag við Brú lífeyrissjóð (2)

- Samkvæmt samkomulagi við lífeyrissjóðinn nemur heildarframlag sveitarfélagsins og stofanna þess 177 millj. kr. Um er að ræða framlag í jafnvægisjóð, lífeyrisaukasjóð og varúðarsjóð.
- Skipting þess er eftirfarandi:
 - **38 millj. kr. framlag í jafnvægisjóð** sem ætlað er að koma áfallinni stöðu Brúar í jafnvægi - Gjaldfært að fullu á árinu 2017.
 - **126 millj. kr. framlag í lífeyrisaukasjóð** til að mæta framtíðarskuldbindingum vegna lífeyrisauka - gjaldfært á 30 árum frá 1. júní 2017.
 - **14 millj. kr. framlag í varúðarsjóð** sem ætlað er að styðja við lífeyrisaukasjóð - gjaldfært á 20 árum frá 1. júní 2017.
- Gjaldfærðar eru 40 millj. kr. meðal launa og launatengdra gjalda á árinu 2017 vegna þessa og fjárhæðin færð sem skammtímaskuld í árslok 2017.
- Greiðsla heildarframlags á sér stað í upphafi árs 2018 og fjármagnaði sveitarfélagið uppgjörið með lántöku hjá Brú Lífeyrissjóði og nam heildarlántaka 177 millj. kr. á árinu 2018.
- Heimilt er að færa til frádráttar við útreikning skuldaviðmiðs fyrirframgreiðslu vegna framlaga í lífeyrisaukasjóðs og varúðarsjóð að fjárhæð 137 millj. kr. sbr. breytingu á reglugerð nr. 502/2012.
- Við höfum m.a. yfirfarið færðar fjárhæðir á árinu 2017 og reikningshaldlega meðferð uppgjörins.



4 Önnur áhersluatriði (1)

Varanlegir rekstrarfjármunir

- Varanlegir rekstrarfjármunir A og B hluta námu um 4.613 millj. kr. í árslok 2017 eða um 85,8% af heildareignum sveitarfélagsins.
- Gjaldfærðar afskriftir ársins námu 160 millj. kr.
- Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum námu 598 millj. kr. á árinu samanborið við 357 millj. kr. á árinu 2017. Vega þar þyngst eftirtaldar fjárfestingar:
 - Fjárfestingar Eignasjóðs tengdar, leikskóla 298 millj. kr., gatnaframkvæmdir 73 millj. kr., Vöruhús 63 millj. kr. og þátttaka í kaupum á Hafnarbraut 15, 35 millj. kr.
 - Fjárfesting Hornafjarðarveitna í fráveitukerfum 96 millj. kr.
- Nánar er fjallað um fjárfestingu ársins í skýringu 8 í ársreikningi.
- Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru færðar á gangverði eða núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirbyggjandi leigusamningum sé það lægra. Lóðir og lendur eru endurmetnar á hverjum reikningsskiladegi og endurmat fært ef breyting frá bókfærðu verði nemur 5% eða meira. Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru ekki afskrifaðar
- Á árinu 2017 var færð 47 millj. endurmatshækkun lóða og lendna til hækkunar á eigin fé sveitarfélagsins.
- Við endurskoðun okkar fórum við m.a. yfir réttmæti fjárfestinga ársins, framsetningu varanlegra rekstrarfjármuna, afskriftir og forsendur og útreikning vegna endurmat lóða og lendna.



4 Önnur áhersluatriði (2)

Stofnframlög og eignarhlutir í félögum

- Eignarhlutir A og B hluta í félögum nema alls 171 millj. kr. í árslok samkvæmt efnahagsreikningi 2017 og hækkuðu um 22 millj. kr. á milli ára.
- Stærstu eignarhlutir í árslok voru 1,35% eignarhlutur í Lánasjóði sveitarfélaga ohf. sem bókfærður er á 119 millj. kr., stofnframlag til Íbúðafélags Hornafjarða 26 millj. kr., stofnframlag í Jöklasetri á Hornafirði ses. að fjárhæð 20 millj.kr., framlag í Atvinnuþróunarfélag Suðurlands 8 millj. kr. og stofnsjóðsinneign í Sláturfélaginu Búa svf. sem bókfærður er á 7 millj. kr.
- Áætluð óbein niðurfærsla sem færð er á móti eignarhlutum í félögum nemur 26 millj. kr. og er hún færð til lækkunar á bókfærðu verði eignarhluta í efnahagsreikningi í árslok er hún einvörðungu vegna eignahluta í Jöklasetri á Hornafirði ses., og Brennu flosa hf. sem eru niðurfærðir að fullu.
- Fjárfesting ársins nam 21,9 millj. kr. og var stofnframlag til Íbúðafélags Hornafjarðar hses.
- Farið var yfir stöðu eignarhluta í félögum ásamt stjórnendum sveitarfélagsins og mat þeirra á raunvirði einstakra eignarhluta.



4 Önnur áhersluatriði (3)

Langtímakröfur

- Langtímakröfur námu í árslok 4 millj. kr. samanborið við 52 millj. kr. í ársbyrjun.
- Breyting stafar að mestu leiti af því að á árinu yfirtók ríkið samning vegna þjóðlendunnar Fjallsárlón og er þess vænst að ríkið muni greiða að fullu til baka útlagðan kostnað vegna þess. Af þeim sökum er krafa vegna samningsins metin hafa verið yfirtekin af ríkinu og færða meðal annarra krafna.
- Meðal langtímakrafna eru búseturéttir að fjárhæð 2 millj. kr.
- Við höfum yfirfarið framsetningu, forsendu og reikningshaldslega meðferð langtímakrafna.

4 Önnur áhersluatriði (4)

Óinnheimtar tekjur

Aðrar skammtímakröfur

- Samkvæmt efnahagsreikningi námu óinnheimtar tekjur 210 millj. kr. í árslok 2017 samanborið við 190 millj. kr. í árslok 2016. Óinnheimtar tekjur greindust þannig að óinnheimtar skatttekjur námu 109 millj. kr. og aðrar óinnheimtar tekjur námu 101 millj. kr.
- Óbein niðurfærsla óinnheimtra tekna nam 36,7 millj. kr. í árslok 2017 en nam 32,0 millj. kr. í árslok 2016 og hækkar því niðurfærslan um 4,8 millj. kr. milli ára.
- Óbein niðurfærsla skiptist þannig að niðurfærsla skatttekna nemur 25,8 millj. kr. en niðurfærsla annarra krafna nemur 11,0 millj. kr.
- Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá óinnheimtum tekjum í árslok í efnahagsreikningi. Nemur hlutfall óbeinnar niðurfærslu skatttekna nú um 24,7% af óinnheimtum skatttekjum.
- Endanleg afskrift óinnheimtra tekna nam 3,9 millj. kr. á árinu 2017 og öllu vegna skattkrafna.
- Við endurskoðun okkar staðfestum við m.a. skattkröfur með samanburði við ytri gögn og fórum yfir mat stjórnenda á niðurfærslu krafna
- Samkvæmt efnahagsreikningi námu aðrar skammtímakröfur A og B hluta 129 millj. kr. í árslok, samanborið við 27 millj. kr. á fyrra ári.
- Stærstu einstöku kröfurnar í árslok 2017 eru krafa á ríkið vegna Þjóðlendu við Fjallsárlón 56 millj. kr., krafa á Íbúðafélag Hornafjarðar að fjárhæð 35 og krafa á Siglingamálastofnun að fjárhæð 24 millj. kr.

4 Önnur áhersluatriði (5)

Lífeyrisskuldbinding

- Á sveitarfélaginu hvílir skuldbinding vegna verðbóta á lífeyrisréttindi starfsmanna sveitarfélagsins. Skuldbindingin er gagnvart LSR. Reiknuð breyting á lífeyrisréttindum, sem byggð er á útreikningi tryggingastærðfræðings, er færð í rekstrarreikning og til hækkunar á lífeyrisskuldbindingunni.
- Greiddur lífeyrir á árinu nam 15 millj. kr. og er færður til lækkunar á lífeyrisskuldbindingunni.
- Lífeyrisskuldbinding sveitarfélagsins nam 450 millj. kr. í árslok 2017 og nemur samantekin hækkun ársins 26 millj. kr.
- Endurskoðun lífeyrisskuldbindinga felur meðal annars í sér mat á hæfi tryggingastærðfræðings sem reikninga skuldbindingu, yfirferð á undirliggjandi gögnum og forsendum og greiningaraðgerðir.



4 Önnur áhersluatriði (6)

Skuldir við lánastofnanir

Aðrar skammtímaskuldir

- Skuldir A og B hluta við lánastofnanir nema samtals 409 millj. kr. í árslok og skiptast í langtímalán að fjárhæð 321 millj. kr. og næsta árs afborganir langtímalána að fjárhæð 88 millj. kr. Skuldir við lánastofnanir námu 510 millj. kr. ársbyrjun.
- Skuldir A hluta við lánastofnanir námu í árslok 212 millj.kr.
- Lánasafn félagsins greinist þannig að
 - 67,9% skulda sveitarfélagsins eru verðtryggð lán í íslenskum krónum,
 - 2,0% eru skuldir í erlendum myntum,
 - og 30,1% eru óverðtryggðar skuldir.
- Framangreindar skuldir eru færðar í efnahagsreikning í árslok eins og lánskjör segja til um.
- Verðbólguáhrif til hækkunar á höfuðstól verðtryggðra lána námu 5 millj. kr. en gengismunur hafði óveruleg áhrif til hækkunar.
- Áætlaðar afborganir A og B hluta af langtímalánum á árinu 2018 eru 88 millj. kr. og í því sambandi má benda á að veltufé frá rekstri sveitarfélagsins nam 688 millj. kr. á árinu 2017. Veltufé frá rekstri er til lengri tíma ætlað að standa undir afborgunum langtímalána auk þess að ganga upp í fjárfestingar og hefur því sveitarfélagið umtalsvert fjármagn frá rekstri til fjárfestinga umfram afborganir langtímalána.
- Samkvæmt efnahagsreikningi námu aðrar skammtímaskuldir A og B hluta 396 millj. kr. í árslok 2017 og hækkuðu um 73 millj. kr. á árinu 2017.
- Hækkun stafar einkum af hækkun áfallins orlofs, launatengdra skulda og lánadrottna vegna ógreidds framkvæmdakostnaðar. Þá nema áhrif uppgjörvi við Brú lífeyrissjóð 40 millj. kr.

4 Önnur áhersluatriði (8)

Málaferli

- Á árinu 2017 gerði félagið IceLagoon ehf. kröfu um skaðabætur á hendur Sveitarfélaginu Hornafirði. Barst sveitarfélaginu erindi þess efnis frá forsvarsmönnum félagsins í september 2017 og því var svo fylgt eftir með erindi frá lögmanni þess í febrúar 2018.
- Þar kemur fram skaðabótakrafa að fjárhæð 223-278 millj. kr. sem byggð er á því að sveitarfélagið, og eftir atvikum fulltrúar þess, hafi ekki gætt jafnræðis við úrlausn mála og jafnvel komið fram af valdísu og hlutdrægni í ákveðnum tilvikum og tryggt uppgang samkeppnisaðila en reynt að stöðva rekstur IceLagoon ehf.
- Sveitarfélagið hefur alfarið hafnað umræddri kröfu, eins og sjá má í bókunum bæjarráðs frá 2. október 2017 og 12. febrúar 2018, og hefur lögmaður sveitarfélagsins svarað erindi IceLagoon ehf. formlega með þeim hætti.
- Við höfum yfirfarið fyrirbyggjandi gögn og rætt við stjórnendur vegna málsins og gerum ekki athugasemdir við það mat þeirra að ekki séu rök fyrir því að fjalla sérstaklega um málið í skýringum með ársreikningi.

4 Önnur áhersluatriði (9)

Skuldbindingar utan efnahags

Ábyrgðarskuldbindingar

Framsetning ársreiknings

- Í endurskoðun höfum við yfirfarið skuldir utan efnahags og leitað að óskráðum skuldbindingum.
- Í reglugerð nr. 1212/2015, um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga, sem tók gildi hinn 1. janúar 2016 skulu sveitarfélög árlega útbúa ábyrgða- og skuldbindingayfirlit og skal það staðfest samhliða staðfestingu ársreiknings hvers árs. Í yfirlitinu skulu koma fram upplýsingar um verkefni sem rekin eru á ábyrgð sveitarfélagsins. Einnig skulu koma fram upplýsingar um ábyrgðir sem sveitarfélagið hefur veitt til fyrirtækja eða verkefna. Fyrir hvert fyrirtæki eða verkefni skal veita samandregnar fjárhagsupplýsingar á tilteknu formi.
- Við vekjum athygli stjórnenda á ofangreindum skyldum sveitarfélagsins
- Við höfum kannað að fylgt hafi verið viðurkenndum reikningsskilaaðferðum við framsetningu ársreikningsins og mat einstakra liða og að hann hafi að geyma þær upplýsingar um rekstur og fjárhagsstöðu sveitarfélagsins sem lög og reglur mæla fyrir um.



4 Önnur áhersluatriði (10)

Skatttekjur

- Skatttekjur nema um 80,7% af tekjum sveitarfélagsins.
- Við endurskoðun okkar á útsvari og framlögum frá Jöfnunarsjóði var stuðst við ytri gögn frá Fjársýslu ríkisins og Jöfnunarsjóði og samanburði við önnur gögn.

Aðrar tekjur

- Aðrar tekjur nema um 19,3% af heildartekjum sveitarfélagsins.
- Endurskoðun annarra tekna fól m.a. í sér greiningaraðgerðir, staðfestingar við undirliggjandi gögn, yfirferð með stjórnendum á helstu frávikum frá fjárhagsáætlun og samanburði við fyrra ár.

Laun og launatengd gjöld

- Laun og launatengd gjöld nema 45,5% af heildartekjum sveitarfélagsins.
- Breyting áfallins orlofs nam 8 millj. kr. og er færð til gjalda í rekstri meðal launa- og launatengdra gjalda. Áfallið orlof er fært meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi og nam í árslok 80 millj. kr.
- Endurskoðun launa og launatengdra gjalda felur meðal annars í sér framkvæmd greiningaraðgerða, yfirferð og prófanir á eftirlitsaðgerðum tengdum launaferli auk staðfestinga samkvæmni gjaldfærslu fjárhagsbókhalds og útreiknings launakerfis.

Annar rekstrarkostnaður

- Annar rekstrarkostnaður nemur 30,7 % af heildartekjum sveitarfélagsins.
- Endurskoðun felur í sér greiningaraðgerðir, yfirferð með stjórnendum á helstu frávikum frá fjárhagsáætlun og fyrra ári og prófanir á eftirlitsaðgerðum tengdum öðrum rekstrarkostnaði. Farið er yfir samþykki kostnaðarreikninga og staðfest að það sé í samræmi við úthlutaðar heimildir.

Niðurstaða í samanburði við fjárhagsáætlun, A hluti

Rekstrarniðurstaða í samanburði við fjárhagsáætlun		A hluta			
	Ársreikningur 2017	Áætlun 2017 með viðaukum	Frávik frá áætlun með viðaukum	Upphafleg áætlun 2017	Frávik frá upphaflegri áætlun
Útsvar og fasteignaskattur	1.428.846	1.353.380	6%	1.362.512	5%
Framlög Jöfnunarsjóðs	662.693	599.340	11%	538.900	23%
Aðrar tekjur	240.920	215.842	12%	215.917	12%
	2.332.459	2.168.562	8%	2.117.329	10%
Laun og launatengd gjöld	1.133.905	1.152.547	-2%	1.154.589	-2%
Breyting lífeyrisskuldbindingar	25.981	26.200	-1%	26.200	-1%
Annar rekstrarkostnaður	647.294	641.886	1%	656.602	-1%
	1.807.180	1.820.633	-1%	1.837.391	-2%
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir	525.279	347.929	51%	279.938	88%
Afskriftir	(106.703)	(81.651)	31%	(79.859)	34%
Rekstrarniðurstaða án fjármagnsliða	418.576	266.278	57%	200.079	109%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	6.880	(9.214)	-175%	(10.191)	-168%
Hagnaður ársins	425.457	257.064	66%	189.888	124%

Fjárhagsáætlun ársins 2017 var samþykkt við síðari umræðu í sveitarstjórn þann 1. desember 2016.

Breytingar á áætluninni (viðaukar) voru gerðar með sérstökum samþykktum sveitarstjórnar á árinu. Fjárhagsáætlun með viðaukum er birt í ársreikningi til samanburðar við rauntölur.

Almennt er bent er á mikilvægi vandaðrar fjárhagsáætlanagerðar og eftirlits með þróun raunkostnaðar, en það er eitt áhrifamesta stjórnþæki í rekstri sveitarfélaga.

Niðurstaða í samanburði við fjárhagsáætlun, A og B hluti



Rekstrarniðurstaða í samanburði við fjárhagsáætlun		A og B hluta			
	Ársreikningur 2017	Áætlun 2017 með viðaukum	Frávik frá áætlun með viðaukum	Upphafleg áætlun 2017	Frávik frá upphaflegri áætlun
Útsvar og fasteignaskattur	1.423.845	1.353.380	5%	1.362.512	5%
Framlög Jöfnunarsjóðs	662.693	599.340	11%	538.900	23%
Aðrar tekjur	508.652	442.507	15%	430.582	18%
	2.595.190	2.395.227	8%	2.331.994	11%
Laun og launatengd gjöld	1.173.574	1.197.817	-2%	1.199.759	-2%
Breyting lífeyrisskuldbindingar	28.980	28.400		28.400	
Annar rekstrarkostnaður	732.413	737.712	-1%	740.556	-1%
	1.934.967	1.963.929	-1%	1.968.715	-2%
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir	660.223	431.298	10%	363.279	13%
Afskriftir	(160.305)	(124.128)	29%	(123.163)	30%
Rekstrarniðurstaða án fjármagnsliða	499.918	307.170	63%	240.116	108%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(6.823)	(30.764)	-78%	(51.087)	-87%
Tekjuskattur	656	0	-	0	-
Hagnaður ársins	493.751	276.406	79%	189.029	161%

Fjárhagsáætlun ársins 2017 var samþykkt við síðari umræðu í sveitarstjórn þann 1. desember 2016.

Breytingar á áætluninni (viðaukar) voru gerðar með sérstökum samþykktum sveitarstjórnar á árinu. Fjárhagsáætlun með viðaukum er birt í ársreikningi til samanburðar við rauntölur.

Almennt er bent er á mikilvægi vandaðrar fjárhagsáætlanagerðar og eftirlits með þróun raunkostnaðar, en það er eitt áhrifamesta stjórnþæki í rekstri sveitarfélaga.

Niðurstaða í samanburði við fjárhagsáætlun, fjárfestingar



Fjárfesting í samanburði við áætlun			
A hluti	Fjárfesting	Fjárfestingaráætlun	
	2017	með viðaukum	upphafleg
Fasteignir og önnur mannvirki			
Leikskóli	297.824	330.000	270.000
Vöruhús	62.940	57.300	50.000
Hafnarbraut 15	35.000	36.000	0
Hofgarður	7.282	0	0
Jarðstöðvarhús	6.000	0	0
Mikligarður Heppusvæði	4.424	5.000	15.000
Hjúkrunarheimili	1.189	0	0
Sindrabær	699	0	0
Gámaport	737	15.000	0
Leiguíbúðir	0	15.000	12.500
Málefni fatlaðra hönnun	0	5.000	10.000
Tengibygging, hönnun	0	5.000	10.000
Fasteignir og önnur mannvirki samtals	416.095	468.300	367.500
Gatnamannvirki og umferðarmannvirki:			
Gatnaframkvæmdir	72.706	79.000	40.000
Almenningsgarðar, leiksvæði	7.500	7.500	20.000
Gatnagerðagjöld	(5.733)	0	0
Gatnamannvirki samtals	74.473	86.500	60.000
Áhöld og búnaður:			
Bifreið heimaþjónustudeklar	3.986	4.000	0
Slökkvibifreið	1.757	0	0
Áhöld og búnaður samtals	5.743	4.000	0
Fjárfesting A hluta samtals	496.311	558.800	427.500
B hluti			
Fráveita	96.274	210.000	265.000
Vatnsveita	0	10.000	10.000
Hafnarsjóður	0	10.000	10.000
Félagslegar íbúðir, endurbætur	5.230	0	0
Fjárfesting B hluta samtals	101.504	230.000	285.000
Fjárfesting A og B hluta samtals	597.815	788.800	712.500

Fjárhagsáætlun ársins 2017 var samþykkt við síðari umræðu í sveitarstjórn þann þann 1. desember 2016.

Breytingar á áætluninni (viðaukar) voru gerðar með sérstökum samþykktum sveitarstjórnar á árinu. Fjárhagsáætlun með viðaukum er birt í ársreikningi til samanburðar við rauntölur.

Bent er á mikilvægi vandaðrar fjárhagsáætlanagerðar og eftirlits með þróun raunkostnaðar, en það er eitt áhrifamesta stjórnþæki í rekstri sveitarfélaga.

Rekstrarreikningur fyrir árið 2017	A hluti		A og B hluti	
	2017	2016	2017	2016
Útsvar og fasteignaskattur	1.428.846	1.300.076	1.423.845	1.295.995
Framlög Jöfnunarsjóðs	662.693	663.092	662.693	663.092
Aðrar tekjur	240.920	242.064	508.652	468.965
	2.332.459	2.205.231	2.595.190	2.440.052
Laun og launatengd gjöld	1.133.905	1.054.217	1.173.574	1.090.612
Breyting lífeyrisskuldbindingar	25.981	39.309	28.980	54.614
Annar rekstrarkostnaður	647.294	684.369	732.413	758.162
	1.807.179	1.777.895	1.934.967	1.903.388
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir	525.280	427.336	660.223	536.664
Afskriftir	(106.703)	(95.146)	(160.305)	(144.920)
Rekstrarniðurstaða án fjármagnsliða	418.577	332.190	499.918	391.744
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	6.880	4.697	(6.823)	(12.809)
Tekjuskattur	0	0	656	1.179
Hagnaður ársins	425.457	336.887	493.751	380.114

Framlegð ársins

Rekstrarniðurstaða ársins, fyrir afskriftir og fjármagnsliði, nam 660 millj. kr., samanborið við 537 millj. kr. á fyrra ári.

Framlegðarhlutfall ársins nemur 25,4% samanborið við 22,0% á fyrra ári.

Framlegðarhlutfall A hluta nemur 22,5% samanborið við 19,4% á fyrra ári.

Efnahagsreikningur 31. desember 2017	A hluti		A og B hluti	
	31.12.2017	31.12.2016	31.12.2017	31.12.2016
Varanlegir rekstrarfjármunir	3.520.020	3.085.728	4.613.341	4.131.147
Eignarhlutir og stofnframlög	199.500	177.612	171.500	149.612
Langtímakröfur	1.672	40.710	3.522	42.560
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki	32.270	46.563	0	0
Fastafjármunir	3.753.462	3.350.613	4.788.363	4.323.319
Óinnheimtar tekjur	199.892	179.998	210.269	190.241
Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki	467.850	407.873	0	0
Aðrar skammtímakröfur	102.588	24.173	129.273	27.305
Næsta árs afborganir eigin fyrirtæki	15.100	35.326	0	0
Næsta árs afborganir langtímakrafna	149	9.684	149	9.684
Handbært fé	134.872	228.217	245.973	296.730
Veltufjármunir samtals	920.452	885.271	585.664	523.961
Eignir samtals	4.673.914	4.235.884	5.374.027	4.847.280

Heildareignir

Heildareignir námu 5.374 millj. kr. í árslok samanborið við 4.847 millj. kr. í lok fyrra árs.

Efnahagsreikningur 31. desember 2017	A hluti		A og B hluti	
	31.12.2017	31.12.2016	31.12.2017	31.12.2016
Eignfjárreikningur	3.682.963	3.210.545	4.145.490	3.604.777
Eigið fé	3.682.963	3.210.545	4.145.490	3.604.777
Lífeyrisskuldbindingar	385.565	374.334	450.323	436.092
Tekjuskattsskuldbinding	0	0	0	656
Skuldir við lánastofnanir	139.370	209.903	321.136	404.136
Langtímaskuldir	524.935	584.236	771.459	840.885
Skuldir við eigin fyrirtæki	38.465	62.361	0	0
Næsta árs afborganir langtímaskulda	72.201	90.683	88.035	105.967
Aðrar skammtímaskuldir	355.350	288.058	369.043	295.651
Skammtímaskuldir	466.016	441.103	457.078	401.618
Eigið fé og skuldir samtals	4.673.914	4.235.883	5.374.027	4.847.280

Eigið fé

Eigið fé nam 4.145 millj. kr. í árslok, samanborið við 3.605 millj. kr. á fyrra ári.

Breytingin skýrist af afkomu ársins sem nam 494 millj. kr. og endurmati lóða og lendna sem nam 47 millj. kr. í árslok 2017.

Eignfjárlutfall nemur 77,1% í árslok samanborið við 74,4% í ársbyrjun.

Heildarskuldir

Heildarskuldir námu 1.229 millj. kr. í árslok samanborið við 1.243 millj. kr. í ársbyrjun.

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2017	A hluti		A og B hluti	
	2017	2016	2017	2016
Rekstrarhreyfingar				
Rekstrarniðurstaða	425.457	336.887	493.751	380.114
<i>Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi</i>	133.780	128.931	194.628	199.670
Veltufé frá rekstri	559.237	465.817	688.379	579.784
<i>Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum</i> (45.768)	5.427	(63.353)	63.055
Handbært fé frá rekstri	513.469	471.244	625.026	642.839
Fjárfestingarhreyfingar				
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	(496.311)	(215.151)	(597.814)	(357.100)
Söluverð rekstrarfjármuna	1.890	1.500	1.890	1.500
Eignarhlutar, breyting	(21.888)	(4.000)	(21.888)	(4.000)
Langtímakröfur, breyting	48.586	(50.394)	48.586	(50.394)
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki, breyting	35.939	33.805	0	0
Fjárfestingarhreyfingar (431.784)	(234.240)	(569.227)	(409.994)
Fjármögnunarhreyfingar				
Viðskiptastaða eigin fyrirtækja, breyting	(83.874)	(46.070)	0	0
Afborganir langtímalána	(91.156)	(93.967)	(106.556)	(108.868)
Fjármögnunarhreyfingar (175.029)	(140.037)	(106.556)	(108.868)
(Lækkun) hækkun á handbæru fé	(93.344)	96.967	(50.757)	123.976
Handbært fé í ársbyrjun	228.217	131.250	296.731	172.754
Handbært fé í árslok	134.872	228.217	245.973	296.730

Veltufé og handbært fé frá rekstri

Veltufé frá rekstri nam 688 millj. kr. á árinu, samanborið við 580 millj. kr. á fyrra ári. Skýrist hækkun á milli ára af bættri afkomu.

Handbært fé frá rekstri nam 625 millj. á árinu samanborið við 643 millj. kr. á fyrra ári.

Sjá nánari sundurliðun í sjóðstreymisýfirliti í ársreikningi.

Fjárfestingahreyfingar

Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum námu 598 millj. kr. á árinu og eru greindar nánar í skýringu 9.

Breyting langtímakrafna skýrist að stærstum hluta af breytingu vegna kröfur vegna þjóðlendu við Fjallsárlón.

Fjármögnunarhreyfingar

Afborganir af langtímalánum námu 107 millj. kr.

Rekstur A hluta fyrirtækja



Almennt

Til A hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Hér er um að ræða Aðalsjóð, en auk hans Eignasjóð og Þjónustumiðstöð.

A hluti rekstur

	Aðalsjóður	Eignasjóður	Þjónustumiðstöð
Rekstrartekjur	2.319.695	215.786	7.137
Rekstrargjöld	(1.885.157)	(186.098)	(52.785)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	112.999	(106.119)	0
Rekstrarniðurstaða (neikvæð)	547.538	(76.432)	(45.649)

Eignasjóður

Helstu skýringar á lakri rekstrarniðurstöðu Eignasjóðs má rekja til fjármagnskostnaðar. En rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði var jákvæður um 30 millj. kr.

Meginhlutverk Eignasjóðs er að veita einstökum sviðum í rekstri sveitarfélagsins þjónustu gegn leigu sem endurspeglar raunkostnað þar sem stofnkostnaði einstakra eigna er dreift á endingartíma þeirra. Lök rekstrarniðurstaða Eignasjóðs er vísbending um að tekjur sjóðsins séu of lágar og endurskoða þurfi leigufjárhæðir til þess að leiga standi undir rekstri og fjármögnun eigna sjóðsins.

Þjónustumiðstöð

Lök rekstrarniðurstaða Þjónustumiðstöðvar bendir til að tekjur hennar séu vanreiknaðar og hún látin bera kostnað sem með réttu ætti heima á öðrum málaflokkum eða stofnunum sveitarfélagsins.

Meginhlutverk Þjónustumiðstöðvar er að veita einstökum sviðum í rekstri sveitarfélagsins þjónustu gegn þóknun sem endurspeglar raunkostnað þjónustunnar.

Rekstur B hluta fyrirtækja



Almennt

Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum.

Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins eru Hafnarsjóður, Hornafjarðarveitur, Félagslegar íbúðir og Gagnaveita Hornafjarðar ehf.

B hluti rekstur

	Hornafjarðar- Félagslegar			
	Hafnarsjóður	veitur	íbúðir	Gagnaveita
Rekstrartekjur	141.606	98.824	28.360	4.646
Rekstrargjöld	(107.885)	(53.390)	(19.005)	(11.815)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(641)	(5.168)	(7.894)	0
Tekjuskattur	0	0	0	656
Rekstrarniðurstaða (neikvæð)	33.080	40.266	1.461	(6.513)

Hafnarsjóður

Í árslok 2017 nam krafa Hafnarsjóðs á hendur Aðalsjóði um 38 millj. kr. samanborið við 62 millj. kr. í árslok 2016.

Við ítrekum þá ábendingu okkar að stjórnendur fari yfir fjárhagsskipan Hafnarsjóðs og tryggi að sjóðurinn hafi eðlilega ávöxtun af þeim fjármunum sem Aðalsjóður hefur í sinni vörslu.

Hornfjarðarveitur

Í árslok 2017 nam skammtímaskuld Hornafjarðarveitna við Aðalsjóð 408 millj. kr.

Við viljum benda á að æskilegt er að koma fjármögnun Hornafjarðarveitna í varanlegt horf annað hvort með utan aðkomandi fjármögnun eða vaxtaberandi langtímaláni frá Aðalsjóði.

Gagnaveita Hornafjarðar ehf.

Á árinu 2017 nam tap Gagnaveitu Hornafjarðar ehf. 6,5 millj. kr.

Viðskiptaskuld Gagnaveitunnar við aðalsjóð nam 28 millj. kr. í árlök. Við vekjum athygli að á að ganga þarf frá fjármögnun félagsins til langs tíma annað hvort með skuldabréfi eða hækkun á hlutafé.

Það er mat stjórnenda að eignir veitunnar standi undir mat á kröfu aðalsjóðs á hendur félaginu og bókfærðu virði eignarhlutans.

Samhliða því þarf að yfirfara tekjustofna félagsins og rekstrargrundvöll þess og hvort form þess henti eðli starfseminnar til lengri tíma lítið.

- Fjárhagsáætlanir sveitarfélaga eru eitt mikilvægasta stjórnþæki þeirra. Samkvæmt sveitastjórnarlögum tekur áætlanagerðin til næstu fjögurra ára.
- Stefna stjórnenda til lengri tíma birtist þannig í fjárhagsáætlun sem er nánar útfærð í áætlun næsta árs.
- Bæjarstjórn hefur afgreitt áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármögnun fyrir sveitarfélagið allt til ársins 2021 eins og sveitarstjórnarlög mæla fyrir um.
- Óhjákvæmilegt getur verið að gera viðauka við fjárhagsáætlun innan ársins. Gæta þarf þess að ef slíkir viðaukar eru samþykktir að bókanir vegna þeirra séu skýrar og að fram komi hvernig mæta eigi auknum útgjöldum eða öðrum breytingum er varða fjárhag sveitarfélagsins.


- Samkvæmt samþykktum áætlunum er gert ráð fyrir jákvæðri rekstrarniðurstöðu öll árin sem áætlanir ná til.
- Gert er ráð fyrir að veltufé frá rekstri nemi alls 2.533 millj. kr. á tímabilinu.
- Á sama tímabili er gert ráð fyrir afborgunum af langtímalánum að fjárhæð 345 millj. kr.
- Uppsafnaður greiðsluafgangur frá rekstri árána 2018-2021 nemur því um 2.188 millj. kr.
- Reiknað er með að fjárfestingarhreyfingar árána 2018-2021 nemi 2.300 millj. kr.
- Handbært fé sveitarfélagsins í árslok 2017 stendur undir þeirri fjárförf sem myndast vegna fjárfestinga.

Lykiltölur og fjárhagsáætlanir (frh.)

Hér að neðan má sjá þróun rekstrar og veltufjár frá rekstri til ársins 2021 í samanburði við fjárþörf vegna greiðslubyrði lána og fjárfestinga A og B hluta samkvæmt samþykktri áætlun. Fjárhæðir eru birtar í þús. kr.

	Ársreikningur 2016	Ársreikningur 2017	Áætlun 2018	Áætlun 2019	Áætlun 2020	Áætlun 2021
Rekstrartekjur	2.440.052	2.595.190	2.755.854	2.755.854	2.755.854	2.755.854
Rekstrargjöld án afskrifta	(1.903.387)	(1.934.967)	(2.117.510)	(2.117.510)	(2.117.510)	(2.117.510)
Afkoma fyrir afskriftir og fjármagnsliði	536.665	660.223	638.344	638.344	638.344	638.344
Afskriftir	(144.920)	(160.305)	(131.834)	(148.834)	(161.784)	(174.684)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(12.809)	(6.823)	(58.428)	(64.870)	(64.462)	(60.273)
Tekjuskattur	1.179	656	0	0	0	0
Rekstraniðurstaða	380.115	493.751	448.082	424.640	412.098	403.387
Veltufé frá rekstri, skv. stjórðstreymi	579.784	688.379	634.346	629.445	633.297	636.395
Afborganir langtímalána	(108.868)	(106.556)	(117.559)	(101.610)	(64.102)	(62.030)
Greiðsluafgangur (fjárþörf)	470.916	581.823	516.787	527.835	569.195	574.365
Uppsafnaður greiðsluafgangur 2018-2021, eftir afborganir lána			516.787	1.044.622	1.613.817	2.188.182
Fjárfestingar tímabilsins 2018-2021			(800.000)	(500.000)	(500.000)	(500.000)
Uppsöfnuð fjárþörf 2018-2021, vegna fjárfestinga			(800.000)	(1.300.000)	(1.800.000)	(2.300.000)
Uppsöfnuð fjárþörf 2018-2021			(283.213)	(255.378)	(186.183)	(111.818)
Greiðsluafgangur að teknu tilliti til handbærs fjár í árslok 2017		245.973	(37.240)	(9.405)	59.790	134.155

Rekstrarjöfnuður á þriggja ára tímabili, í millj. kr.




Samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 ber sveitarstjórn að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum (64. gr.).

Framangreindri skyldu skulu sveitarstjórnir m.a. fullnægja með því að heildarútgjöld til rekstrar vegna A og B hluta séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærri en nemur samanlögðum reglulegum tekjum.

Eftirfarandi stöplarit sýnir yfirlit um þróun rekstrarjafnaðar fyrir A hluta annars vegar og samantekinn A og B hluta hins vegar.

Árin 2015, 2016 og 2017 er rekstrarniðurstaða miðuð við ársreikning viðkomandi árs, en 2018 til 2021 í samræmi við áætlaða rekstrarniðurstöðu í samþykktum áætlunum sveitarfélagsins.

Framlegðarhlutfall



Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga skal við yfirferð sína á ársreikningum og fjárhagsáætlunum sveitarfélaga, athuga hvort sveitarfélag uppfyllir viðmið um rekstur og skuldastöðu, sbr. 64. gr. sveitarstjórnarlaga. Sama á við um viðauka við fjárhagsáætlun ef þeir hafa áhrif á rekstrarniðurstöðu eða skuldastöðu sveitarfélagsins. Athugun á skilgreindum viðmiðum og lykiltölum eru meðal annarra þátta grundvöllur heildarmats eftirlitsnefndar á fjárhagsstöðu og fjárhagslegri sjálfbærni sveitarfélaga.


Ein af þeim lykiltölum sem miðað er við er framlegð sem hlutfall af reglulegum tekjum. Framlegð er samkvæmt skilgreiningu reglulegar tekjur að fráregnum rekstrargjöldum, en án afskrifta, fjármunatekna og fjármagnsgjalda.

Eftirfarandi línurit sýnir yfirlit um þróun framlegðarhlutfalls fyrir A hluta annars vegar og samantekinn A og B hluta hins vegar.

Árin 2016 og 2017 er miðað við ársreikning viðkomandi árs, en 2018 til 2021 er miðað við áætlaða niðurstöðu í samþykktum áætlunum sveitarfélagsins.

Að okkar mati er rétt að meta framlegðarhlutfall sveitarfélags í samhengi við skuldahlutfall þess.


Skuldir og skuldbindingar í millj. kr.



Stöplariði sýnir yfirlit um heildarskuldir og skuldbindingar í millj. kr. fyrir A hluta annars vegar og samantekinn A og B hluta hins vegar.

Árin 2016 og 2017 eru birt í samræmi við ársreikninga viðkomandi ára, en 2018 til 2021 í samræmi við áætlaða breytingu á heildarskuldum og skuldbindingum í samþykktum áætlunum sveitarfélagsins.

Skuldahlutfall



Samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 ber sveitarstjórn að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum (64. gr.).

Framangreindri skyldu skulu sveitarstjórnir m.a. fullnægja með því að heildarskuldir og skuldbindingar A og B hluta séu ekki hærrí en sem nemur 150% af reglulegum tekjum.


Skuldahlutfall og skuldaviðmið eru skilgreind í reglugerð um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga nr. 502/2012.

Eftirfarandi línurit sýnir yfirlit um þróun skuldahlutfalls fyrir A hluta annars vegar og samantekinn A og B hluta hins vegar.

Árin 2016 og 2017 eru skuldir miðaðar við ársreikninga viðkomandi ára, en 2018 til 2021 í samræmi við áætlaða breytingu á heildarskuldum og skuldbindingum í samþykktum áætlunum sveitarfélagsins.

Við útreikning á hlutfallinu er miðað við rekstrartekjur samkvæmt sömu ársreikningum og áætlunum.

Skuldaviðmið



Skuldahlutfall og skuldaviðmið eru skilgreind í reglugerð um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga nr. 502/2012.

Við útreikning á skuldaviðmiði skal draga frá heildarskuldum núvirði lífeyrisskuldbindingar sem áætlað er að komi til greiðslu eftir 15 ár og síðar sem og hreint veltufé sé það jákvætt.


Einnig skal draga frá heildarskuldum núvirði lágmarksleigugreiðslna hafi sveitarfélagið gert leigusamning við ríkissjóð um fjármögnun verkefna um fasteignir. Jafnframt skal draga lágmarksleigugreiðslur ársins frá rekstrartekjum við þennan útreikning.

Eftirfarandi línurit sýnir yfirlit um þróun skuldaviðmiðs fyrir A hluta annars vegar og samantekinn A og B hluta hinsvegar.

Árin 2016 og 2017 eru skuldir miðaðar við ársreikninga viðkomandi ára, en 2018 til 2021 í samræmi við áætlaða breytingu á skuldum og skuldbindingum í samþykktum áætlunum sveitarfélagsins.

Við útreikning á hlutfallinu er miðað við rekstrartekjur samkvæmt sömu ársreikningum og áætlunum.

Eiginfjárhlutfall



Línuritið sýnir eiginfjárhlutfall A hluta annars vegar og A og B hluta hins vegar.

Árin 2016 og 2017 eru sýnd samkvæmt ársreikningum viðkomandi ára, en árin 2018 til 2021 samkvæmt áætlaðri breytingu á eiginfjárhlutfalli í samþykktum fjárhagsáætlunum sveitarfélagsins.

Upplýsingar sem skylt er að veita sveitarstjórn

Staðfestingarbréf stjórnenda	Við höfum ekki farið fram á sérstakar staðfestingar stjórnenda umfram þær sem koma fram í hefðbundnu staðfestingarbréfi stjórnenda fyrir árið 2017.
Tengdir aðilar	Það komu ekki upp veruleg atriði vegna tengdra aðila í endurskoðun okkar.
Veikleikar í innra eftirliti	Við höfum greint stjórnendum frá öllum veikleikum í eftirlitum sem við höfum orðið áskynja um.
Áritun á ársreikninginn	Áritun okkar á ársreikning sveitarfélagsins verður fyrirvaralaus.
Sviksemi eða grunur um sviksemi, lögum og reglum ekki fylgt eða ólögleg athæfi	Ekki hafa komið upp sviksemisatvik eða grunur um sviksemi stjórnenda eða annarra starfsmanna í lykilstöðum hjá sveitarfélaginu. Þá hafa ekki komið fram vísbendingar um að farið sé á svig við lög og reglur hjá sveitarfélaginu.
Óhæði	Endurskoðunarteymið og aðrir hjá KPMG sem tengjast endurskoðuninni svo og KPMG ehf. sjálf hafa fylgt siðareglum um óhæði.
Reikningsskilaaðferðir	Í endurskoðun okkar höfum við metið hversu viðeigandi reikningsskilareglur, reikningshaldslegt mat og skýringar eru í ársreikningi sveitarfélagsins. Almennt teljum við svo vera.

Sem endurskoðunarfyrirtæki erum við staðráðin í því að vera óháð í reynd og í ásýnd í okkar störfum. Við störfum eftir ströngum reglum og kröfum til að viðhalda óhæði okkar í samræmi við siðareglur endurskoðenda.

Okkar viðbrögð...



Einn hluthafi félagsins er ábyrgur fyrir áhættumálum, óhæðismálum og siðferði



Handbók um gæða- og áhættustjórnun á heimsvísu



Ferli vegna brota á faglegum kröfum og stefnum, og skjalfest viðurlagastefna.



Takmörkun fjárfestinga og viðskiptasambanda



Allir starfsmenn undirrita árlega óhæðisyfirlýsingu



Eftirlit KPMG með óhæði



Þjálfun starfsfólks í siðareglum, óhæði og heilindum



Alþjóðlegt réttindavarið kerfi til að leggja mat á yfirvofandi hættu vegna hagsmunaárekstra

Persónuverndarlöggjöf (GDPR) – helstu breytingar



Sektir

Stjórnvaldssektir eru þrepaskiptar og geta numið frá 2% af heildarveltu eða allt að jafngildi 20 m. EUR eða 4% af heildarveltu, ef hún er hærri.



Persónuverndarfulltrúi (PVF)

Skipa þarf persónuverndarfulltrúa þegar um er að ræða opinbera aðila og þá sem sinna umfangsmikilli vinnslu.



Eftirlitsaðilar

Eftirlitsaðilar munu fá auknar heimildir til eftirlits og beitingu stjórnvaldssekta.



Vinnsluskrá

Skrásetja þarf alla vinnslu persónuupplýsinga.



Tilkynningar

Tilkynna þarf um öryggisbrot án tafar (innan 72 klst.) og viðeigandi ferlar þurfa að vera til staðar.



Öryggi

Sértækar kröfur um eftirlit með öryggisráðstöfunum, dulkóðun gagna og aftengingu persónuupplýsinga (e. anonymization).



Mat á áhrifum

Mat á áhrifum þarf að fara fram áður en ný tækni er notuð eða ný afurð boðin.



Réttindi einstaklings

Aukin réttindi einstaklinga til að flytja gögn milli þjónustuaðila eða gleymast.



Viðkvæmar persónuupplýsingar

Lífkenni og erfðafræðilegar upplýsingar falla nú undir skilgreiningu á viðkvæmum persónuupplýsingum.



Samþykki

Kröfur um að samþykkis einstaklings sé aflað með sannanlegum hætti.



Vinnsluaðilar (DP)

Regluverkið nær einnig til vinnsluaðila og krafa er á ábyrgðaraðila að framkvæma mat á vinnsluaðila.



Innbyggð persónuvernd

Hönnun og þróun kerfa verður að taka mið af meginreglum um persónuvernd.

Nýja regluverkið mun taka við af núverandi reglum Persónuverndar. Rétt að hafa í huga að flest sem er í nýja regluverkinu er til staðar og hefur verið frá árinu 1995 (2000).

Reynsla okkar leiðir í ljós að færstar skipulagsheildir hafa unnið markvisst að því að innleiða stjórnkerfi og eftirlitsþætti persónuverndar, því er ljóst að mikið verk er framundan hjá mörgum.

Gátlisti persónuverndar



Hversu vel þekkir þú núgildandi löggjöf persónuverndar og þær breytingar sem eru væntanlegar?



Hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar til að takmarka aðgengi að persónuupplýsingum og tryggja öryggi og réttmæti gagna?



Ert þú tilbúin til að bregðast við og svara fyrirspurnum frá einstaklingum um sín gögn, afhenda afrit af þeim, leiðrétta eða eyða gögnum?



Ertu búin að gera ráðstafanir til að bregðast við frávikum og tilkynna um gagnaleka, gagnatap eða gagnastuld, hafa verið skilgreindir ferlar fyrir slík atvik?



Hefur verið lagt mat á virkni persónuverndar? Er virkni og hlítning prófuð? Hefur verið unnið að því að lágmarka áhættu?



Hafa starfsmenn og þjónustuaðilar fengið viðeigandi fræðslu og kynningu á regluverkinu og ráðstöfunum?



Hversu vel er UT deildin mönnuð til að styðja við hugsanlegar breytingar og verkefni sem takast þarf á við?



Hafa komið upp atvik, svo sem tölvuinnbrot, gagnaleki eða gagnatap? Hvernig var brugðist við?



Hefur þú yfirsýn yfir þær (viðkvæmu) persónuupplýsingar sem eru til staðar um viðskiptavini og starfsmenn og hvaða lög- og reglur eiga við um vistun og vinnslu þeirra?



Hafa hlutverk og ábyrgð í tengslum við upplýsingaöryggi og persónuvernd verið skilgreind og kynnt?



Er til staðar stefna um persónuvernd, hvernig lögum og reglum er framfylgt í samræmi við núgildandi reglur sem og nýtt regluverk?



Hefur líftími gagna verið skilgreindur og komið á verklagi við að eyða gögnum þegar gögn hafa náð þeim aldri?



Endurspeglar samningar og verlag þjónustuaðila gildandi regluverk?



Ef vinnsla er útvistað og um er að ræða gagnaflutninga, hefur verið komið á öruggum samskiptum? eru til staðar vinnslusamningar?



Hafa verið gerðar ráðstafanir um fjárveitingar og starfsmenn til að innleiða breytingar í samræmi við nýtt regluverk?



Hefur verið farið yfir öryggisráðstafanir, netöryggi og vottanir þriðja aðila sem sinnir vinnslu, þjónustu eða hýsingu?




Hefur verið lagt mat á eftirlitsþætti þar sem vinnsla (viðkvæmra) persónuupplýsinga fer fram?



Fyrirvarar

Skýrsla þessi er gerð í samræmi við skilmála ráðningarbréfs okkar um endurskoðun.

- Dreifingar skýrslunnar og takmörkun á ábyrgð
- Efni skýrslunnar er eingöngu byggt á aðgerðum sem eru nauðsynlegar í tengslum við endurskoðun okkar



Tilgangur skýrslunnar

Skýrslan hefur verið gerð í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningi sveitarfélagsins fyrir árið 2017, sem gerður er í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 3/2006 og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015.

Skýrslan er gerð fyrir stjórnendur, sem við teljum vera bæjarstjórn og bæjarstjóra, í því skyni að upplýsa þá um atriði sem máli geta skipt samkvæmt alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum (ISA), þar á meðal samkvæmt ISA 260 *Samskipti við stjórnendur*, og önnur atriði sem við höfum komist að við endurskoðun okkar og við teljum að geti verið athygliverð, en ekki í neinu öðru skyni.

Í skýrslunni eru tilgreind lyklatríði sem við höfum komist að við endurskoðun okkar.

Takmarkanir á vinnu

Skýrslan er aðskilin frá áritun endurskoðanda og veitir ekki nein viðbótarálit á ársreikningi sveitarfélagsins. Skýrslan bætir ekki við eða breytir skyldum okkar sem endurskoðenda.

Við höfum ekki skipulagt eða framkvæmt aðrar aðgerðir en þær sem okkur ber sem endurskoðendum í því skyni að koma auga á eða miðla til ykkar upplýsingum um þau atriði sem fram koma í þessari skýrslu.

Atriði í skýrslunni eru byggð á þekkingu sem við höfum aflað í tengslum við vinnu okkar sem endurskoðendur sveitarfélagsins. Við höfum ekki sannreynt nákvæmni eða heilleika slíkra upplýsinga að öðru leyti en því sem af okkur er krafist í tengslum við endurskoðunina.

Takmörkun á ábyrgð

Skýrslan er gerð á þeim grundvelli að hún er aðeins í þágu stjórnenda sveitarfélagsins. Það eru þó engar takmarkanir á frekari dreifingu skýrslunnar af okkar hálfu en við samþykkjum ekki neina ábyrgð gagnvart þriðja aðila í tengslum við hana.



kpmg.com/app

kpmg.com/socialmedia

© 2018 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Cooperative, svissnesku samvinnufélagi. Allur réttur áskilinn.

Nafn og kennimark KPMG eru skráð vörumerki KPMG International.